



Samband íslenskra sveitarfélaga

Tíðindi

1. tbl.
janúar
2015

JAFNRÉTTIS- VERKEFNI

Það er hluti af verkefninu að yfirfæra þá þekkingu sem fæst úr því til annarra sveitarfélaga.

ÖRYGGISHANDBÓK

Útgáfa handbóka um velferð og öryggi barna í leikskólum og grunnskólum.

FJÁRMÁL

Markviss fjármálastjórn er lykilatriði við að gera sveitarfélögum fært að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

SAMNINGUR SP

Sýn samningsins á heildstæða, einstaklingsbundna réttinda nálgun hefur mikinn hljómgrunn.

Innleiðing á Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks

Eins og kunnugt er vinna íslensk stjórnvöld nú að innleiðingu á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Um er að ræða víðtækt verkefni sem snertir sveitarfélögin með ýmsum hætti, bæði við ákvarðanatöku og framkvæmd þjónustu. Hefur ágætt samráð verið milli sambandsins og hlutaðeigandi ráðuneyta, einkum innanríkisráðuneytisins, um skref sem stigin hafa verið eða undirbúin í innleiðingarferlinu. Meðal annars liggur nú frumvarp fyrir Alþingi þar sem hugtakanotkun í lögum er færð til þess horfs sem samningur SP gerir ráð fyrir.

Sérfræðingar sambandsins hafa rýnt í efni samningsins og telja að hann samrýmist vel þeirri áherslu sem íslensk sveitarfélög hafa lengi lagt á öfluga nærþjónustu sem svari þörfum notenda. Sýn samningsins á heildstæða, einstaklingsbundna réttinda nálgun hefur mikinn hljómgrunn í því markmiði að samþætta beri þjónustuna og að mat á þörf fyrir aðstoð eigi fyrst og fremst að stýra því hvaða úrræði eru veitt.

Samningurinn leggur einnig mikla áherslu á aðgengismál og aukið val notenda milli úrræða. Að mati sérfræðinga sambandsins mun sú

áhersla kalla á aukin fjárframlög til framtíðar litið. Innleiðing samningsins hefur þó ekki sjálfkrafa kostnaðaráhrif að þessu leyti, en breytt viðhorf og auknar væntingar munu í auknum mæli stýra forgangsröðun verkefna þegar kemur að áætlanagerð og eftirfylgni með aðgerðum, sbr. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem félags- og húsnæðismálaráðherra hefur ákveðið að verði framlengd til ársins 2016.





Nýsköpunarverðlaun 2015 í opinberri þjónustu og stjórnsýslu

Verðlaunin verða veitt í fjórða sinn á ráðstefnu, sem haldin verður á Grand Hótel, Reykjavík, 23. janúar nk. Markmið verðlaunaveitingar er að vekja athygli á því sem vel er gert og hvetja til nýsköpunar meðal sveitarfélaga og ríkisstofnana. Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Félag forstöðumanna ríkisstofnana standa að verkefninu.

Í ár voru tilnefnd 48 verkefni. Þar af eru 32 frá sveitarfélögum. Sveitarfélögin eru bæði lítil og stór en Reykjavíkurborg er með flest verkefni. Verkefni eru mjög fjölbreytt, t.d. byggðaverkefni, upplýsingatækniverkefni, lýðræðis- og æskulýðsverkefni og verkefni á sviði skólamála og félagsþjónustu. Upplýsingar um öll þau

nýsköpunarverkefni sem tilefnd hafa verið undanfarin ár er að finna á www.nyskopunarvefur.is. Í fyrra var farin sú leið að láta þá sem komust í undanúrslit gera myndbönd um verkefni sín. Ótrúlega fín myndbönd urðu til og eru þau aðgengileg á nýsköpunarvefnum. Þetta verður endurtekið núna og myndböndin frumsýnd á ráðstefnunni. Þar verða líka fluttar áhugaverðar framsögur um nýsköpun hjá hinu opinbera. Aðalfyrirlesari er danskur, Nikolaj Lubanski, sem fjalla mun um þróun nýsköpunarmála í opinbera geiranum á Norðurlöndum og aðferðir sem geta hjálpað starfsfólki hins opinbera til að styðja við nýsköpun. Nikolaj hefur á síðustu tveimur áratugum unnið með stjórnendum að þróunarmálum innan opinbera geirans. Hann var áður forstöðumaður danska stjórnsýsluskólans en starfar nú sem ráðgjafi. Nánari upplýsingar og skráning á [nýsköpunarvefnum](http://www.nyskopunarvefur.is).

Hagstofa Íslands



FLEIRI LÆRA ERLEND TUNGUMÁL

Grunnskólanemendum sem læra erlend tungumál fjölga ár frá ári. Skólaárið 2013-2014 lærðu 80,8% grunnskólanema erlent tungumál og hafa ekki verið fleiri síðan gagnasöfnun hófst skólaárið 1999-2000.

ÞÝSKA ALGENGASTA ÞRIÐJA TUNGUMÁL

Grunnskólanemendum sem læra þrjú tungumál hefur farið fækkandi frá skólaárinu 2001-2002 þegar þeir voru flestir, 1.656 talsins. Á síðastliðnu skólaári lærðu 728 grunnskólanemendur þrjú tungumál eða fleiri. Þriðja tungumál er yfirleitt kennt sem valgrein í íslenskum grunnskólum og þá helst á unglingastigi.

Þýska var algengasta þriðja erlenda tungumálið á unglingastigi til skólaársins 2006-2007 en hefur síðan vikið fyrir spænsku. Á síðasta skólaári lærðu 374 unglingar spænsku, 198 frönsku og 125 þýsku. Sjá nánar á [vef hagstofunnar](#).



RÚMLEGA 25% NEMENDA NJÓTA STUÐNINGS



Í frétt frá hagstofunni segir einnig að grunnskólanemendum sem læra erlend tungumál fjölgi ár frá ári.

Rúmlega fjórðungur nemenda nýtur stuðnings

Skólaárið 2013-2014 fengu 12.203 nemendur grunnskólans sérkennslu eða stuðning, eða 28,6% allra nemenda. Það er fjölgun um 764 nemendur frá fyrra skólaári eða 6,7%. Þetta er hæsta hlutfall nemenda í sérkennslu frá upphafi gagnasöfnunar Hagstofu Íslands um sérkennslu skólaárið 2004-2005. Af þeim nemendum sem fengu stuðning voru 62,1% drengir og 37,9% stúlkur.

Nemendur sem þurftu aðstoð vegna íslenskunáms, þar sem þeir höfðu annað móðurmál en íslensku, voru 2.123 talsins, fleiri í yngri bekkjum grunnskólans. Nemendur sem fá stuðning vegna íslenskunáms hafa ekki verið fleiri

frá því að hagstofan hóf gagnasöfnun skólaárið 2010-2011, en þá voru þeir 1.442. Sjá nánar á vef hagstofunnar.

Fleiri yngri grunnskólanemendur læra ensku

Enska er það tungumál sem flestir nemendur læra. Skólaárið 2013-2014 lærðu 34.579 börn ensku í grunnskólum, 80,9% nemenda, sem er fjölgun um 0,9 prósentustig frá fyrra skólaári. Kennsla í ensku hefst oftast í 4. bekk en þó er enska kennd í 1.-3. bekk í fjölmörgum skólum. Síðastliðið skólaár lærðu 5.619 börn í 1.-3. bekk ensku, eða rúmlega fjögur af hverjum tíu (42,5%) börnum í þessum bekkjum, samanborið við 211 börn (1,6% nemenda) fyrir áratug.

Nýtt byggðarmerki

Svalbarðsstrandarhrepps



Á dögunum tók Svalbarðsstrandarhreppur upp nýtt byggðarmerki. Merkið hannaði Magne Kvam en í skýringum með merkinu segir eftirfarandi:

„Táknmyndin er vitinn á Svalbarðseyri og þegar horft er á hann og út fjörðinn er Kaldbakur í bakgrunni. Liturinn er skírskotun í fallega sólsetrið á sumrin og að sveitarfélagið er í raun ein löng strandlengja.“

Útsvarsprósentur 2015



Nú liggja fyrir útsvarsprósentur sveitarfélaga fyrir árið 2015. Meðalútsvarið verður óbreytt þ.e. 14,44%. Sveitarfélögin geta samkvæmt lögum ákveðið útsvarshlutfall á bilinu 12,44% til 14,52%. Af 74 sveitarfélögum leggja 57 á hámarksútsvar og þrjú leggja á lágmarksútsvar. [Útsvarsprósentur sveitarfélaga](#)

ÖRYGGISHANDBÆKUR FYRIR LEIK- OG GRUNNSKÓLA



Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga unnið að gerð handbóka um velferð og öryggi barna í leikskólum og grunnskólum. Bókunum er ætlað að vera leiðarvísir fyrir þá aðila í skólasamfélaginu sem vinna að velferð nemenda, s.s. sveitarstjórnnum, rekstraraðilum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem þar starfa.

Bækurnar má nýta í heild sinni eða nýta þá þætti sem henta í hverjum skóla. Bækurnar eru fyrst og fremst ætlaðar sem uppfléttirit til að auðvelda notendum að fylgja eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um skólastigin.

- [Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#)
- [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Ofbeldi gegn börnum - hlutverk skóla

Út er komin handbókin „Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla“. Markmiðið með útgáfunni er að upplýsa kennara og annað starfsfólk skóla um einkenni og áhrif ofbeldis á börn og vekja athygli á forvörnum, inngripi og úrræðum sem eru til staðar til að tryggja sem best velferð nemenda.

- [Ofbeldi gegn börnum. hlutverk skóla](#)

Norrænt

jafnréttisver



Aðalmarkmið verkefnisins er að sveitarfélögin öðlist aukna þekkingu á því hvernig hægt er að bæta þjónustu sveitarfélaga með samþættingu en rauði þráðurinn í henni er að laga þjónustu að þörfum hvors kyns fyrir sig.





Norrænu sveitarfélagasamböndin fengu styrk frá norrænu ráðherranefndinni til að vinna að jafnréttisverkefni meðal norrænna sveitarfélaga á árunum 2014-2015. Verkefnið hefur tengsl við Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum sem sex íslensk sveitarfélög hafa undirritað.

Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður eru íslenskir þátttakendur í verkefninu. Meðal annarra þátttökusveitarfélaga eru Áarhus í Danmörku, Kristiansand og Lillehammer í Noregi, Umeå, Eskilstuna og Malmö í Svíþjóð og Helsinki og Oulu í Finnlandi.

Allt eru þetta sveitarfélög sem eru framarlega í sínum löndum í jafnréttismálum.

Aðalmarkmið verkefnisins er að sveitarfélögin öðlist aukna þekkingu á því hvernig hægt er að bæta þjónustu sveitarfélaga með samþættingu en rauði þráðurinn í henni er að laga þjónustu að þörfum hvors kyns fyrir sig. Samþætting snýst því í raun um markvissa gæðastjórnun¹.

Haldnar verða þrjár vinnustofur þar sem sveitarfélögin bera saman bækur sínar um hvernig unnið er að jafnréttisstarfi innan þeirra, fá upplýsingar um fyrirmyndarverkefni og mynda samstarfstengsl á milli sín. Sú fyrsta var haldin í Malmö 11.-12. júní sl., í tengslum

1 Sænska sveitarfélagasambandið hefur gert myndband sem lýsir vel hvernig samþættingaraðferðarfræðin getur bætt þjónustu í sveitarfélögum, <http://vimeo.com/77692813>

við jafnréttisráðstefnuna Nordiskt Forum2014. Þar ræddu sveitarfélögin hvaða væntingar þau hefðu til verkefnisins og hvað þau gætu haft fram að færa. Sænsku sveitarfélögin þrjú voru einnig með kynningar á sínu jafnréttisstarfi.

Önnur vinnustofan var haldin í Helsinki 6.-7. nóvember sl. Þar var farið dýpra ofan í mál sem þátttakendur höfðu sett fram óskir um. Meðal annars kynnti Reykjavíkurborg vinnu sína að kynjaðri fjárhagsáætlunargerð; Eskilstuna kynnti hvernig kynjasjónarmið hafa verið samþætt inn í almenna stjórnunarferla hjá sveitarfélaginu og Kristiansand hvernig kynjasamþætting er hluti af mannréttindastarfi sveitarfélagsins sem er svipuð leið og Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður hafa farið. Kristiansand hefur gert [skemmtilegt myndband](#) til að kynna mannréttindaáherslur sveitarfélagsins.

Þriðja og síðasta vinnustofan verður haldin í Osló 21.-22. maí nk.

Það er hluti af verkefninu að yfirfæra þá þekkingu sem fæst úr því til annarra sveitarfélaga. Norræn sveitarfélög, og sérstaklega sænsk sveitarfélög, eru meðal þeirra fremstu í heimi í jafnréttismálum og norræn sveitarfélög hafa einkar góðar forsendur til að læra hvert af öðru þar sem stjórnkerfi og menning þeirra er svipuð, enda þótt verkefnið hafi þegar leitt í ljós að áherslur eru nokkuð mismunandi á milli landanna.

Það er hluti af verkefninu að yfirfæra þá þekkingu sem fæst úr því til annarra sveitarfélaga.

Norræn sveitarfélög, og sérstaklega sænsk sveitarfélög, eru meðal þeirra fremstu í heimi í jafnréttismálum og norræn sveitarfélög hafa einkar góðar forsendur til að læra hvert af öðru þar sem stjórnkerfi og menning þeirra er svipuð.





Hag- og upplýsingasvið mun taka saman nokkra punkta um atriði sem tengjast fjármálum sveitarfélaga í næstu tölublöðum Tíðinda. Það er gert með það fyrir augum að hvetja til umræðu um fjármálastjórn sveitarfélaga, vera uppspretta nýrra hugmynda og stuðla að framþróun á þessu mikilvæga verkswiði sveitarfélaganna.

Markviss fjármálastjórn

Markviss fjármálastjórn er lykilatriði við að gera sveitarfélögum fært að sinna lögbundnum verkefnum

sínum á tilskilinn hátt. Til að svo megi vera verða allir hlutaðeigandi að vera virkir í umræðunni, bæði kjörnir fulltrúar sem og viðkomandi embættismenn. Við síðustu sveitarstjórnarkosningar var endurnýjun fulltrúa í sveitarstjórnnum um 55%. Það eru því fjölmargir sveitarstjórnarfulltrúar sem hafa verið að vinna að sinni fyrstu fjárhagsáætlun á síðustu mánuðum. Með hliðsjón af því er ekki úr vegi að draga saman nokkrar spurningar sem geta verið til ábendingar þegar sveitarstjórnarfolk veltir fyrir sér hvernig fjármálastjórn sveitarfélagsins er og hve vel það þekkir til hennar.



1. Eru fjármál sveitarfélagsins í jafnvægi?
 - a. Hvernig hefur veltufé frá rekstri þróast á liðnum árum? (Veltufé frá rekstri á að standa undir afborgunum lána, fjárfestingum og sparnaði).
 - b. Hvert er skuldahlutfall sveitarfélagsins?
2. Hvernig er efnahagsleg staða?
 - a. Skuldir á íbúa.
 - b. Lausafjárhlutfall.
 - c. Vaxtagreiðslur og afskriftir.
 - d. Þörf fyrir nýfjárfestingar á komandi árum.
3. Hverjar eru líkur á lausafjárvandráðum á komandi árum?
 - a. Breytingar í íbúasamsetningu?
 - b. Breytingar í tekjustofnum?
 - c. Miklar fjárfestingar?
 - d. Miklar afborganir lána?
4. Hvernig hefur fjármálastjórn verið á undanförunum árum?
 - a. Hvernig hefur fjárhagsáætlun staðist á síðustu fjórum árum?
 - b. Hefur komið upp óvæntur rekstrarhalli?
 - c. Er erfiðara að halda fjárhagsáætlun í sumum málaflokkum frekar en öðrum?
5. Er fjármálastjórnunin skynsamleg?
 - a. Stenst fjárhagsáætlun vegna þess að ákveðin þjónusta er ekki innt af hendi en sem er til staðar hjá hliðstæðum sveitarfélögum?
 - b. Stenst fjárhagsáætlun vegna skipulegs eftirlits og markvissra viðbragða ef nauðsyn krefur?



Fjármál sveitarfélaga

Fjárhagur 1. hluti



Markviss fjármálastjórn er lykilatriði við að gera sveitarfélögum fært að sinna lögbundnum verkefnum sínum á tilskilinn hátt.

- c. Eru óþarfa útgjöld til staðar og ef svo er hvar þá?
 - d. Er samhengi milli útgjalda, starfsemi og gæða þjónustunnar?
 - e. Eru viðaukar afgreiddir?
6. Er fjármálastjórnin trúverðug?
- a. Hverjar eru lykilreglur í fjármálastjórn sveitarfélagsins?
 - b. Hvernig eru óskir um viðbótarfjárveitingar meðhöndlaðar?
 - c. Hvernig er óvæntum afgangi ráðstafað?
7. Hver eru markmið varðandi fjármálastjórnun á næstu árum?
- a. Er ákveðin fjármálastefna til staðar?
 - b. Eru til skýr markmið varðandi:
 - i. Ákvörðun þjónustugjalda.

- ii. Rekstrarniðurstöðu.
- iii. Veltufé frá rekstri.
- iv. Lausafjárhlutfall.
- v. Niðurgreiðslu skulda.
- vi. Meðhöndlun óska um aukafjárveitingar.
- vii. Vinnslu og afgreiðslu viðauka.

Að lokum er rétt að benda á að skynsamlegt getur verið að spyrja eftirfarandi lokaspurningar í framhaldi af þeim svörum sem hafa fengist við fyrrgreindum spurningum:

„Er núverandi fjármálastjórn ásættanleg eða þurfa að eiga sér stað breytingar í pólitískri stefnumörkun hvað hana varðar?“



á vefnum geta kennarar,
nemendur, foreldrar,
skólafélagar og í raun hver sem
er átt samskipti við þá sem
ekki hafa náð valdi á íslenskri
tungu og notað til þess tölvu
eða snjalltæki

ÉG KANN AÐ
LÆRA
AÐ TALA
íslensku



LEIÐBEININGAR



LÆRUM TUNGUMÁL

Námskeið fyrir skólanefndir

Í undirbúningi eru [námskeið fyrir skólanefndir sveitarfélaga](#). Nú þegar liggur fyrir að námskeið verða haldin á Reykhólum föstudaginn 13. febrúar, í Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði, laugardaginn 14. febrúar og í Austurbrú á Egilsstöðum 21. febrúar með möguleika á fjarfundi frá Ísafirði og Egilsstöðum. Dagsetningar námskeiða fyrir aðra landshluta verða birtar þegar þær liggja fyrir. Námskeiðið er ætlað skólanefndum leik- og grunnskóla, ásamt áheyrnarfulltrúum foreldra, kennara og skólastjóra. Starfsmönnum skólabjónustu sveitarfélaga og

framkvæmdastjórum sveitarfélaga er einnig velkomið að sitja námskeiðin.

Á námskeiðinum verður fjallað um skyldur og ábyrgð skólanefnda. Leitað verður svara við spurningum eins og:

- Hverjar eru áherslur Hvítbókar mennta- og menningarmálaráðherra og hvaða áhrif gætu þær haft á skólastarf og starf skólanefnda?
- Hvaða áhrif geta kjarasamningar kennara haft til breytinga á skólastarfi og stjórnarsýslu skóla

verði nýtt vinnumat samþykkt?

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist þekkingu á hlutverki sínu sem fulltrúi í skólanefnd og þeim verkefnum og skyldum sem tilheyra því ábyrgðarsviði.

Kennarar á námskeiðinum eru Gunnar Gíslason, fræðslustjóri á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við Háskólann á Akureyri. Á námskeiðsstað verður boðið upp á kaffi og mat.

Þátttökugjald er 15.000 krónur.



Lög um vatnsveitur

Frumvarpsdrögin eru samin í innanríkisráðuneytinu í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samorku og Orkuveitu Reykjavíkur.



Innanríkisráðuneytið kynnir nú til umsagnar drög að lagafrumvarpi um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Unnt er að koma umsögnum um frumvarpsdrögin á netfangið postur@irr.is til og með 30. janúar næstkomandi.

Meginmarkmið frumvarpsins er að skýra og treysta grundvöll þeirrar álagningar vatnsgjalds sem þegar fer fram á vegum vatnsveitna sveitarfélaga fyrir þá almannaþjónustu sem þær veita. Sú þjónusta felst fyrst og fremst í þeim aðgangi að neysluvatni sem eigendur fasteigna á veitusvæðum eiga kost á með tengingu við veiturnar, óháð því hvernig einstakir fasteignaeigendur haga þeirri nýtingu innan sinnar fasteignar. Þá er það einnig mikið öryggismál fyrir alla fasteignaeigendur að eiga tryggan aðgang að vatni til slökkvistarfs, óháð vatnsnýtingu þeirra að öðru leyti. Það er hins vegar ekki tilgangur frumvarpsins að útvíkka eða auka gjalddökuna frá því sem verið hefur.

Frumvarpsdrögin eru samin í innanríkisráðuneytinu í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samorku og Orkuveitu Reykjavíkur. Samhliða hefur verið unnið að drögum að frumvarpi til sambærilegra breytinga á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

[Drög að frumvarpi um breytingar á lögum vatnsveitur sveitarfélaga.](#)

Breytingar á lögum um vatnsveitur

Meginmarkmið frumvarpsins er að skýra og treysta grundvöll þeirrar álagningar vatnsgjalds sem þegar fer fram á vegum vatnsveitna sveitarfélaga fyrir þá almannaþjónustu sem þær veita.



Lýðræðiskerfi sveitarfélaganna



Út er komin bókin *Hin mörgu andlit lýðræðis – þátttaka og vald á sveitarstjórnarstiginu* eftir dr. Gunnar Helga Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands.

Í formála bókarinnar segir höfundur m.a.:

„Meginviðfangsefni hennar er lýðræðiskerfi sveitarfélaganna á Íslandi og hvernig íbúar þeirra taka ákvarðanir í sameiningu, jafnvel þótt skoðanaágreiðingur ríki og hagsmunir stangist á. Hún snýst um útfærslu sveitarfélaganna á lýðræði, þátttökukerfi þeirra og valdakerfi. Lýðræði hefur eftirsóknarverða eiginleika sem

geta aukið líkurnar á farsæll stjórn samfélaga ef það er vel og skynsamlega útfært. En lýðræði er ekki samkvæmt skilgreiningu það sama og farsæl stjórn. Hvaða áhrif mismunandi útfærslur af lýðræði hafa á góða stjórnarhætti er reynsluspurning. Sums staðar í heiminum eru lýðræðislegir stjórnarhættir tengdir víðtækri spillingu og óstjórn sem ógnar velferð og öryggi fjölda fólks. Til að meta kosti og galla mismunandi lýðræðislausna þarf því rannsóknir.“

Bókin byggir á rannsóknarverkefni sem unnið var við Háskóla Íslands á árunum 2008–2012. Í tengslum við það var safnað gögnum um íbúabátttöku og skipulagsmál í 22 stærstu sveitarfélögum landsins. Auk úrvinnslu á þeim gögnum byggist rannsóknin á 66 hálfstöðluðum



Valdakerfi

Í bókinni er valdakerfi sveitarfélaganna athugað og kannað hvort hagsmunir almennings víki fyrir kröfum áhrifamikilla þrýstihópa.



viðtölum við íbúa, sveitarstjórnarfólk og starfsfólk sveitarfélaga sem voru greind með bæði meindlegum og eigindlegum hætti. Þá var framkvæmd íbúakönnun meðal sveitarstjórnarfólks í sveitarfélögunum 22 og hliðstæð könnun hjá 30 manna úrtaki í hverju þeirra fyrir sig. Samband íslenskra sveitarfélaga var einn af styrktaraðilum verkefnisins.

Í bókinni *Hin mörgu andlit lýðræðis* er valdakerfi sveitarfélaganna athugað og kannað hvort hagsmunir almennings víki fyrir kröfum áhrifamikilla þrýstihópa. Róttækar þátttökukennningar eru jafnframt ígrundaðar með hliðsjón af því hvort stórbæta megi lýðræðið á sveitarstjórnarstiginu með víðfeðmri þátttöku almennings.

Niðurstaða höfundar er sú, að veikleikar í valdakerfi margra sveitarfélaga kalli á breytingar en umbætur í anda íbúalýðræðis mæti ekki nema að takmörkuðu leyti þeirri þörf sem er á umbótum í stjórnámálum, stefnumótun og stjórnslu sveitarfélaga.

Bókin er 203 blaðsíður að stærð og gefin út af Háskólaútgáfunni. Bókin fæst í bókaverslunum.

Er íbúalýðræði

leiðin til betri stjórnháttanna í íslenskum sveitarfélögum



Opið síðdegismálþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í tilefni útkomu nýrrar bókar um efnið, föstudaginn 30. janúar kl. 15.00-17.30 í Norræna húsinu.

Frummælandi Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, við hans erindi og niðurstöðum bókarinnar bregðast bæjarstjórnir Gunnar Einarsson Garðabæ, Regína Ástvaldsdóttir Akranesi og Róbert Ragnarsson Grindavík.

Er íbúalýðræði leiðin til betri stjórnháttanna í íslenskum sveitarfélögum? Þeirri spurningu er velt upp í nýrri bók Dr. Gunnars Helga Kristinssonar, *Hin mörgu andlit lýðræðis*. Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstiginu. Hægt verður að kaupa bókina við upphaf málþingsins. Í bókinni er gerð grein fyrir stórrí rannsókn á lýðræðis- og valdakerfum íslenskra sveitarfélaga sem framkvæmd var við Háskóla Íslands á árunum 2008-2012. Á undanförunum árum hafa hugmyndir um íbúalýðræði átt vaxandi fylgi að fagna á Íslandi. Sumir sjá í íbúalýðræði mótvægi við valdamikla stjórnmalaflokka og bæjarstjóra sem stundum eru taldir starfa í full miklu návígi við áhrifamikil fyrirtæki og verktaka. Íbúalýðræði gæti, samkvæmt því, skapað betra jafnvægi milli sérhagsmuna og almannahags við stjórnun sveitarfélaga.

Gunnar Helgi tekur að hluta undir það sjónarmið en bendir jafnframt á að veikleikar í stjórnkerfum sveitarfélaganna kalli á mun fjölþættari umbætur. Góðir stjórnhættir kalla ekki síður á sterkt fulltrúalýðræði og aðhald frá faglegrí stjórnsýslu og landsstjórninni en aukna þátttöku íbúa. Ofuráhersla á íbúalýðræði felur í sér hættu á ofmati á kostum þeirrar aðferðar og vanmat á mikilvægi annars konar umbóta.



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2015/01

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*